

IV. Leiga.

Sundskýla	kr. 10.00
Sundbolur	— 10.00
Handklæði	— 10.00
Geymsluhólf, þvottur á sundfötum og handklæðum (Sundhöll)	— 100.00

V. Gufuböð.

Einstök skipti, 60 mín.	— 35.00
------------------------------	---------

VI. Íþróttafélög.

Félagar 16 ára og eldri	— 7.00
— yngri en 16 ára	— 3.00

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld gjaldskrá nr. 14 14. janúar 1966.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 51 15. maí 1964 um gerð og búnað ökutækja o. fl.

1. gr.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í fólksbifreiðum, sem flytja mega 8 farþega eða færri, og vörubifreiðum, sem skráðar eru fyrir allt að 1000 kg farn (sendibifreiðum) og skráðar eru í fyrsta sinn eftir 1. janúar 1969, skulu vera öryggisbelti fyrir ökumann og farþega í framsæti. Frá sama tíma skulu allar kennslubifreiðir og bifreiðir, sem leigðar eru án ökumanns, vera búnar öryggisbeltum fyrir ökumann og farþega í framsæti. Óheimilt er að nota önnur öryggisbelti en þau, sem bifreiðaeftirlit ríkisins hefur viðurkennt. Óheimilt er að nota öryggisbelti, sem einungis eru fest yfir mjaðmir eða einungis yfir mjöðm og öxl, nema eigi sé unnt eða mjög erfitt sé að koma við festingu fyrir aðra gerð öryggisbelta. Þess skal sérstaklega gætt, að gengið sé tryggilega frá festingu beltis við bifreið.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1969.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.